

LÖG

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ártalsins „1996“ 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

27. desember 1996

Nr. 140

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþéttmál, og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laganna skulu tekjur af sérstökum eignarskatti á árinu 1996 umfram 330 m.kr. renna í ríkissjóð og á árinu 1997 skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 285 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærri en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 25% hærri gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er skólanefnd heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Skal það taka mið af raunverulegum efnis-